

Þriðjudaginn 15. apríl 1980.

Nr. 49/1980. **Ragnar Guðmundsson**
 gegn
Birgi Harðarsyni og
Kristínu Kristjánsdóttur.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 7. mars 1980, sem barst Hæstarétti 24. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar, Birgir Harðarson og Kristín Kristjánsdóttir, krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða þeim kærumálskostnað.

Hinn kærði frávísunardómur varðar ekki kröfur sóknaraðilja á hendur Ruth Einarsdóttur, sem ásamt þeim var stefnt fyrir héraðsdóm. Hefur hún ekki sótt þing í héraði og er ekki aðili kærumáls þessa.

Ákvæði 207. gr. laga nr. 85/1936 heimila sóknaraðilja ekki að sækja varnaraðilja eftir ákvæðum XVII. kafla laganna til að þola dóm um veðrétt samkvæmt þeim tryggingarbréfum, sem hann reisir kröfur sínar á. Verður sóknaraðili að hlíta því, að varnaraðiljar hafi uppi í málinu allar þær varnir, sem koma má að í einkamálum almennt.

Varnaraðiljar kröfðust ekki frávísunar í héraði, og ekki eru þeir gallar á málatilbúnaði sóknaraðilja, að vísa beri málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Athugast í því sambandi sérstaklega, að vegna ákvæða 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, var ekki lögskýlt að leggja

kröfurnar til sátta fyrir sáttamenn, þó að 10. tl. sömu máls- greinar ætti ekki við um málssóknina.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða frávis- unardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeð- ferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að kærúmálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávisunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dóms- álagningar að nýju.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. febrúar 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 1980, hefur Ragnar Guðmundsson, Kaplaskjólsvégi 89, Reykjavík, höfðað fyrir bæjar- þingi Reykjavíkur gegn Ruth Einarsdóttur, Sóleyjargötu 19, Reykjavík, áður til heimilis að Miðstræti 3, Reykjavík, Birgi Harðarsyni, Miðstræti 3, Reykjavík, og Kristínu Kristjánsdóttur, Þóristúni 19, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda Ruth Einarsdóttir verði dæmd til greiðslu víxilskuldar, samtals að fjárhæð kr. 1.000.000 ásamt 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mán- uði af kr. 250.000 frá 20. desember 1976 til 20. janúar 1977, frá þeim degi af kr. 500.000 til 20. febrúar 1977, en frá þeim degi af kr. 750.000 til 20. mars 1977, en frá þeim degi af kr. 1.000.000 til 1. ágúst 1977, en frá þeim degi með 3% dráttarvöxtum af sömu upphæð til greiðsludags, kr. 2.400 í stimpilkostnað. Enn fremur er þess krafist, að staðfestur verði 9. veðréttur í hæð og rishæð húseignarinnar Miðstræti 3 hér í borg ásamt 2/3 hlutum eignar- lóðar í samræmi við tvö veðskuldabréf (sic í stefnu, á að vera veðtryggingarbréf), útgefin 5. nóvember 1976, sem gefin hafi verið út af stefndu Ruth til tryggingar framangreindri skuld.

Gagnvart stefndu Birgi Harðarsyni og Kristínu Kristjánsdóttur eru gerðar þær dómkröfur, að þau verði dæmd in solidum til að þola staðfestingu framangreinds veðréttar í eignarhluta þeirra í húsinu nr. 3 við Miðstræti í Reykjavík í samræmi við veð- tryggingarbréfin tvö.

Gerð er krafa um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda Ruth Einarsdóttir hefur hvorki sótt þing né sækja lát-ið, og er henni þó löglega stefnt.

Af hálfu stefndu Birgis Harðarsonar og Kristínar Kristjánsdóttur er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Mál þetta er rekið af hálfu stefnanda til heimtu víxilskuldar og til staðfestingar á veðrétti samkvæmt tveimur veðtryggingarbréfum, sem stefnandi kveður hafa fylgt greindum víxlum.

Víxilkröfuna kveður stefnandi vera samkvæmt fjórum víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 250.000, eða samtals kr. 1.000.000, útgefnum og framseldum af honum, en samþykktum af stefndu Ruth til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, dagana 20. desember 1976, 20. janúar 1977, 20. febrúar 1977 og 20. mars 1977.

Kröfu sína um staðfestingu á veðrétti byggir stefnandi á tveimur veðtryggingarbréfum, báðum útgefnum af stefndu Ruth þann 5. nóvember 1976, sem hann segir hafa fylgt ofangreindum víxlum og verið til tryggingar þeirri víxilskuld ásamt vöxtum og kostnaði. Kveður hann fyrstu tvo víxlana hafa verið tryggð með sama bréfinu, en hina seinni tvo samhliða með öðru bréfi. Bréf þessi séu tryggð með 9. veðrétti í hæð og rishæð húseignarinnar Miðstræti 3, Reykjavík, ásamt 2/3 hlutum eignarlóðar. Er eignin var veðsett, hafi hún verið í eigu stefndu Ruthar, en sé nú eign stefndu Birgis og Kristínar.

Stefnandi hefur margítrekað, að hann reki mál þetta sem víxilmál skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og á grundvelli þess neitað, að aðrar varnir geti komist að í málinu en leyfðar séu skv. 208. gr. sömu laga. Byggir hann kröfur sínar alfarið á ofangreindum skjölum og því, að þau beri ekki með sér, að skuldin sé greidd.

Þá kveður hann stefndu Birgi og Kristínu verða að þola staðfestingu veðréttarins, þar sem þau séu þinglesnir eigendur veðsins og hafi vitað, að skuldin væri áhvílandi á því. Veðtryggingarbréfin tvö kveður hann hafa verið þinglesin athugasemdalest þann 12. nóvember 1976.

Eins og áður greinir, hefur Ruth Einarsdóttir ekki haldið uppi vörnum í máli þessu.

Stefndu Birgir Harðarson og Kristín Kristjánsdóttir byggja sýknukröfu sína annars vegar á því, að skuldin sé þegar greidd og hafi seljandi eignarinnar skuldbundið sig til að aflýsa henni

af eigninni. Hins vegar bera þau fyrir sig formgalla á þeim tryggingarbréfum, sem dómkrafan er reist á.

Fyrri málsástæðu sína styðja þau þeim rökum, að þegar þau hafi keypt umrædda eign, hafi samkvæmt veðbókarvottorði m. a. hvílt á henni ofangreind tryggingarbréf og hafi eigandi þeirra verið stefnandi, einnig hafi hvílt á henni fjárnámserð fyrir eldri kröfu að fjárhæð kr. 1.662.453 auk vaxta og kostnaðar, eign sama. Seljandi hafi lofað að aflétta þessum skuldum af eigninni og sé það tekið fram í afsali, að þær séu stefndu óviðkomandi. Jafnframt hafi þeim verið tjáð, að hér væri um eina og sömu skuld að ræða. Fjárnámskrafan hafi verið gerð upp að fullu og henni aflýst, en tryggingarbréf þau, er mál þetta snýst um, hafi ekki fengist afhent og skuldinni skv. þeim ekki verið aflýst. Stafi báðar skuldirnar af viðskiptum stefnanda og Einars Óskarssonar, sem rekið hafi verslunina „Traffic“. Hafi síðari skuldbindingin, þ. e. sú, er mál þetta snýst um, verið gerð til tryggingar þeirri fyrri. Þessu til sönnunar hafa stefndu lagt fram yfirlýsingu Einars Óskarssonar, sem gerð er í Tulsa 1. apríl 1979. Þá hefur nefndur Einar komið fyrir dóminn sem vitni og borið það sama, einnig vitnið Benedikt Björnsson (Sigurbjörnsson), fyrrverandi fasteignasali, er sá um sölu fasteignarinnar Miðstræti 3 til stefndu.

Það athugast hins vegar einnig, að stefnandi hefur hér fyrir réttinum neitað, að um sömu skuld væri að ræða, og lýst tilkomu fjárkröfunnar á annan veg en vitnið Einar. Við sampröfun náðist ekki samræmi í framburði stefnanda og ofangreindra tveggja vitna. Vitnið Einar Óskarsson er sonur stefndu Ruthar Einarsdóttur.

Síðari málsástæðu sína styðja stefndu þeim rökum, að tryggingarbréf þau, sem lögð hafi verið fram í málinu, séu gölluð á fleiri en einn veg. Víxlum þeim, sem bréfunum sé ætlað að tryggja, sé ekki lýst á fullnægjandi hátt, þar sem útgefandi og útgáfudagur séu ótilgreind. Beri bréfið því ekki með sér, að víxlarnir hafi verið í lögmaeltu formi skv. víxillögum, er þeir hafi verið afhentir ásamt tryggingarbréfunum. Þá benti lögmaður þeirra á það við flutning málsins, að ekki yrði af þessum sökum séð með neinni vissu, hvaða víxla bréfin ættu að tryggja, og ósannað, að það væru þeir víxlar, sem fram hefðu verið lagðir í þessu máli. Lögmaðurinn hélt því einnig fram, að víxlar þeir, er fylgdu bréfunum, hefðu ekki verið víxlar í skilningi víxillaganna, er þeir voru afhentir, og þess vegna hefði veðréttur ekki getað skapast á grundvelli þeirra.

Einnig benda stefndu á, að engin heimild sé í veðtryggingarbréfum þessum til að selja hina veðsettu eign án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar. Telja þau, að slík ákvæði sé að finna í öllum slíkum bréfum og sé það svo venjuhelgað, að teljast verði til nauðsynlegra formsatriða, svo skjal verði gilt veðbréf í laga- legum skilningi. Lögmaður þeirra benti einnig á það við mál- flutning, að ekki væri þess heldur getið í texta bréfanna, að mál út af þeim mætti reka skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936, en skv. 207. gr. sé það nauðsynleg forsenda slíkrar málsmeðferðar, að heimild til þess sé sérstaklega gefin í bréfinu sjálfu.

Það athugast í þessu sambandi, að greind veðtryggingarbréf eru ekki skuldabréf í skilningi 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936.

Undir rekstri málsins kröfðust stefndu frests vegna kæru sinnar til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa máls, þar sem þau beiddust rannsóknar á viðskiptum stefnanda og Einars Óskarssonar. Stefnandi neitaði um frest, þar eð málið væri rekið sem víxilmál. Kvað dómari upp úrskurð, þar sem frestur var veittur. Greind rannsókn var lögð fram í málinu, en lítið kom þar fram, er varpaði ljósi á málavexti.

Skal þá fyrst tekin til athugunar fjárkrafa stefnanda á hendur Ruth Einarsdóttur. Það athugast, að málavaxtalýsingu stefnanda er hér ábótavant að því leyti, að hann getur ekki útgáfudags víxlanna. Víxlar þeir, dskj. 3—6, sem hann hefur lagt fram dóm- kröfu sinni til stuðnings, uppfylla þó formkröfur 1. gr. laga nr. 93/1933 um víxla. Útgáfudagur þeirra allra er 5. nóvember 1976. Að öðru leyti eru víxlarnir í samræmi við málavaxtalýsingu stefnanda. Stefnandi hefur margítrekað, að hann reki mál þetta sem víxilmál skv. 207. gr., XVII. kafla, laga nr. 85/1936. Ljóst er, að fjárkrafan er réttilega höfðuð og rekin sem víxilmál, og þyk- ir ekki ástæða til að láta ofangreinda vanreifun varða stefnanda réttarspjöllum.

Á hendur stefndu Ruth er einnig gerð krafa um staðfestingu veðréttar, eins og rakið er hér að framan. Byggir stefnandi kröfu sína á því, að víxlar þeir, sem standa að baki peningakröfunni, séu tryggðir með ofangreindum veðtryggingarbréfum. Er þá að því að hyggja, hvort reka megí staðfestingarkröfuna skv. XVII. kafla sömu laga. Veðréttindi og kröfuréttindi eru hvor um sig sjálfstæðar réttarheimildir, sem í ýmsu tilliti hlíta ólíkum réttar- reglum og lögskýringarsjónarmiðum. Hins vegar eru einnig milli þessara réttinda þýðingarmikil tengsl. Til dæmis miða þau oft að því að koma fram sömu greiðslu, svo sem er veð er sett til trygg-

ingar ákveðinni víxilskuld. Er það mikið réttarfarshagræði, að heimilt sé að krefjast staðfestingar á slíkum veðrétti í víxilmálinu. Hefur slíkt kröfusamlag verið látið átölulaust. Þykir rétt að líta svo á, að hér sé um að ræða fylgikröfu á hendur víxilskuldaranum, sem svo sé tengd aðalmálinu, að eðlilegt sé að hafa báðar uppi í sama máli, enda virðist það ekki brjóta í bág við 1. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936. Hitt kann að vera, að veðþoli geti komið að vörnum varðandi veðréttinn, sem eru utan ramma 208. gr. sömu laga

Þá er að athuga kröfur stefnanda á hendur þinglesnum eigendum hinnar veðsettu eignar, stefndu Birgi og Kristínu. Eins og áður greinir, rekur stefnandi mál þetta sem víxilmál. Í 207. gr., 1. tl., laga nr. 85/1936 er upp talið, hvaða mál séu víxilmál. Verður að líta á þá upptalningu sem tæmandi og því óviðkomandi, að leyft sé að sækja í sama máli kröfur tengdar aðalkröfu, svo sem um málskostnað, á hendur víxilskuldara. Mál á hendur hinum þinglesnu eigendum veðsins fellur ekki innan ramma 207. gr., og verður að telja óheimilt að sækja þau til að þola staðfestingu á ofangreindum veðrétti í víxilmáli þessu. Þer því að vísa kröfu stefnanda á hendur þeim frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Hjördís Hákonardóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, Ragnars Guðmundssonar, á hendur stefndu, Birgi Harðarsyni og Kristínu Kristjánsdóttur, er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.
